

TALNING Á VATNAFUGLUN Á ELLIÐAÁM

MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR:	00074-010	DAGS.:	2022-11-14
VERKHLUTI:	02	NR.:	4
HÖFUNDUR:	Arnór Þórir Sigfússon	ÚTGÁFA	-
RÝNT AF:	ÞG		
DREIFING:	Orkuveita Reykjavíkur		

Efni: Bráðabirgðaskýrslu um talningar sumarið 2022

Eiríkur Hjálmarsson hjá Orkuveitu Reykjavíkur óskaði eftir því í tölvupósti dagsettu 12. nóvember 2022 að Verkís sendi bráðabirgðaskýrslu um framgang talninga vatnafugla á Elliðaám sumarið 2022. Talningar sumarið 2022 voru endurtekning á talningum sem fram fóru sumarið 2021 að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur og má sjá niðurstöður þeirra í minnisblaði frá Verkís, dagsett 12. desember 2021.

Í talningunni nú var fylgt sama verklagi og talið á sambærilegum dögum. Gengið var með öðrum bakka Elliðaáanna frá Elliðavatni að ósum og staðsetning fugla og fjöldi skráður á loftmynd. Farið var meðfram báðum kvíslum Elliðaáanna. Fyrri talningin fór fram 20. júní 2021 og 23. júní 2022 en sú seinni 30. ágúst 2021 og 28. ágúst 2022.

Í meðfylgjandi töflu má sjá samantekt á talningum frá 2022 og samanlagður fjöldi borin saman við árið 2021. Eins og sjá má á töflunni eru ekki miklar breytingar milli ára, en alltaf má búast við einhverjum mun milli ára við svona talningar. Álftaparið í Blásteinshólma kom upp 2 ungum sumarið 2021 en í ár sást það bara með einn unga í júní en parið sást ekki á ánni í ágúst 2022. Álftapar með einn stálpaðan unga sást aftur á móti á Elliðavatni rétt ofan og sunnan við stífluna í vatninu og ekki er ósennilegt að það hafi verið parið úr Blásteinshólma þó ekki sé hægt að fullyrða það.

Eins og sumarið 2021 þá var nokkur fjöldi fugla neðan við Árbæjarstíflu þar sem þeim er gefið af vegfarendum og hafa þeir fært sig niður fyrir stífluna en ekki yfirgefið svæðið þó lónið hafi horfið. Bakkar lónsins hafa gróið vel upp eins og sjá má á meðfylgjandi mynd og í ágústtalningunni sást torfa af 52 löxum ofan stíflu þar sem áður var lón (sjá mynd). Það er ekki að sjá á þessum talningum árin 2021 og 2022 að tæming lónsins hafi haft áhrif á fugla á Elliðaám og er vísað í minnisblað Verkís frá 12. desember 2021 þar sem nánar er rætt um möguleg áhrif. Fyrir lok árs verður tekið saman ítarlegra minnisblað um niðurstöður talninga 2022 og samanburður gerður milli áranna.



Tafla 1. Talningar á Elliðaám árin 2021 og 2022.

Tegund	Talning í júní		Talning í ágúst	
	2021	2022	2021	2022
Álft	P/3u	P/1u	P/2u	0
Grágæs	185	191		52
Grágæs pör m. unga	25	19		1
Stökkönd ♂♀	60	40	37	58
Stökk ♀ m. unga	5	6	2	5
Skúfönd ♂	13	2		
Skúfönd ♀	9	2	1	1
Duggönd ♂		0		
Duggönd ♀	1	0		
Straumönd ♀		0	4	
Toppönd ♂	4	1		
Toppönd ♀	3	1		
Gulönd ♂	1			
Æður		0	12	
Æður ♂				
Æður ♀	2	4		
Kría	18	13		
Hettumáfur	20	33	52	76
Sílamáfur	16	35	47	19
Stormmáfur		13	8	9
Silfurmáfur			7	
Óðinshani	9			



Mynd 1. Bakkar á austurkvíslinni þar sem lónið var áður. Fyrrum lónsbotninn er orðinn vel gróinn. Myndin er tekin 23. júní 2022.



Mynd 2. Laxatorfa ofan Árbæjarstíflu í austurkvíslinni. Samtals voru þarna 52 laxar. Myndin var tekin 28. ágúst 2022.